

Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 12. desember kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir.

Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Birgitta Jónasdóttir f.h. starfsfólks leikskóladeildar og Agnieszka Kowalczyk f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 6. september 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1612011 – Umsókn um skólavist utan lögheimilssveitarfélags í Reykhólaskóla.

Formaður fól skólastjóra að fara yfir umsóknina.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina. Nefndin felur skólastjóra að eiga í samskiptum við lögheimilssveitarfélag vegna greiðslna. Samþykkt samhljóða.

3. 1612012 – Opnunartími leikskóla milli jóla og nýárs.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, 9. desember 2016.

Skólastjóri fór yfir erindið, engin börn verða á leikskóladeild milli jóla og nýárs og hefur verið tekin ákvörðun um að loka deildinni milli jóla og nýárs.

4. 1609005 – Útleiga Reykhólaskóla, verklagsreglur.

Ágúst Már Gröndal og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir.

Farið yfir drög að verklagsreglum, Ágúst og Ásta vinna frekar í reglunum fyrir næsta fund.

5. 1612013 – Ósk um um frekari aðstöðu til æfinga.

Erindi frá Ungmennafélaginu Aftureldingu, 14. nóvember 2016.

Nefndin tekur jákvætt í umsóknina og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina. Samþykkt samhljóða.

6. 1612014 – Ósk um styrk til eflingar á barna og unglingastarfi í Reykhólahreppi.

Erindi frá Ungmennafélaginu Aftureldingu, 3. desember 2016.

Farið yfir erindið. Fram kom tillaga um að mennta- og menningarmálanefnd og tómstundafulltrúi hitti stjórn ungmennafélagsins á fundi og fari yfir málefni félagsins og framtíðaráform, styrki frá sveitarfélaginu o.s.frv. Samþykkt samhljóða.



Mál til kynningar:

7. 1609008 – Skýrsla skólastjóra.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla.

Skólastjóri fór yfir skýrslu.

8. 1612015 – Nýjar úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, 16. nóvember 2016.

Lagt fram.

9. 1612016 – Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning 2017.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, 17. nóvember 2016.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver):

10. Beiðni um fjölgun kennslutíma fyrir skólaárið 2016 -2017.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla, dagsett 12. desember 2016.

Vegna breytinga framundan fer skólastjóri fram á aukið fjármagn vegna fjölgunar kennslustunda (10 stundir) vorönnina 2017 og ráðningu stuðningsfulltrúa í 50% stöðu.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umsóknin verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

11. Framkvæmdir og frágangur.

Skólastjóri fór yfir framkvæmdir á árinu 2016. Hún fór yfir hvernig framkvæmdir hafi ekki verið kláraðar og drasl skilið eftir hér og þar. Skólastjóri óskar eftir aðstoð nefndarinnar við að fá fasteignasviðið til að ganga betur um, klára verkefni og láta stjórnendur vita þegar vinna á verkefni innan stofnananna. Skólastjóri vildi samt koma því á framfæri hún væri ánægð með allar framkvæmdir, en þeim fylgja ofangreind atriði sem þarf að laga.

Fundargerð lesin, fundi slitið 18.40.

_____	_____
_____	_____
_____	_____